



22. fundur Umhverfis- og skipulagsnefndar Langanesbyggðar haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar, Þórshöfn mánudaginn 30.01.2017 og hófst klukkan 12:00.

Mætt voru: Jósteynn Hermundsson, Karl Ásberg Steinsson, Aðalbjörn Arnarsson, Oddur Skúlasón og Elías Pétursson sem ritaði fundargerð.

Formaður bauð fundarmenn velkomna, setti fundinn og spurði hvort einhver gerði athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Dagskrá fundar:

1. Innsent erindi – Gistiheimilið Lyngholt

- a. Óskað er heimildar nefndarinnar til að gera breytingu á sólstofu að Langanesvegi 12. Breytingin felur í sér að setja svalahurð framan á miðja sólstofuna og þrep niður á sólpall.

Bókun: Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir fyrir sitt leiti umrædda breytingu.

Samþykkt samhljóða

- b. Óskað er álits nefndarinnar á breytingu á hlutverki húss að Langanesvegi 10. Fyrirtækið hefur uppi áform um kaup á umræddu húsi og stefnir að uppgerð þess og í framhaldinu rekstri gistiþjónustu þar líkt og að Langanesvegi 12. Allar áætlanir eru á frumstigi og því er einungis óskað álits nefndarinnar.

Bókun: Umhverfis- og skipulagsnefnd gerir fyrir sitt leiti ekki athugasemdir við fyrirhugaða endurgerð og breytingu á hlutverki húss. Nefndin bendir hlutaðeigandi á líklega þörf á grenndarkynningu vegna áforma fyrirtækisins.

Samþykkt samhljóða

2. Skýrsla um auknar tekjur sveitarfélaga af ferðaþjónustu

Lögð fram til kynningar

3. Rarik, endurbætur á húsnæði á Þórshöfn

Lagt er fram til kynningar svarbréf vegna bókunar nefndarinnar þann 21.10'16.

Bókun: Nefndin felur sveitarstjóra að koma á fundi með forsvarsmönnum RARIK og Umhverfis- og skipulagsnefnd. Einnig felur nefndin sveitarstjóra að óska formlegs álits byggingarfulltrúa á málinu.

4. Sorpmál, staða

Sveitarstjóri fór yfir stöðu máls, nú er unnið að lokafrágangi samnings, sveitarstjóri hefur fundað með forsvarsmönnum og falið ráðgjafa að ljúka vinnu við samninginn. Einnig hefur sveitarstjóri fundað með aðila á Bakkafirði með það fyrir augum að semja við hann um framkvæmd urðunar og eftirlit fyrir hönd sveitarfélagsins.

5. Umhverfismál

- a. Svæðið uppi í hálsi, skel ofl



LANGANESBYGGÐ

Farið var yfir umgengni uppi í hálsi, skeljahauginn og véladót sem þar er.

Bókun: Sveitarstjóra falið að æskja áforma Ísfélagsins varðandi hauginn og kynna fyrir nefndinni.

b. Bærinn, umgengni

Sveitarstjóri fór yfir að forstöðumanni áhaldahúss hefur verið falið að heimsækja fólk og koma með vinsamlegar ábendingar um hvað betur mætti fara í umgengni. Einnig var honum falið að taka saman gögn um hið sama og leggja fyrir nefndina.

6. Önnur mál

Fleira ekki gert, fundargerð upplesin og fundi slitið kl. 13:00